

Fundargerð háskólaráðsfundar 29. ágúst 2012

Kl. 14.00 í Guðmundarstofu

Mætt: Bryndís Hlökkversdóttir, Guðmundur Ólafsson, Þórir Páll Guðjónsson, María Einarsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Jón Ingi Smáráson, Jón Ólafsson, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, Hallur Jónasson.

Fjarverandi: Stefán Sveinbjörnsson, Brynjólfur Magnússon, Elísabet Guðrúnardóttir, Snæfríður Baldvinsdóttir, Alma Jónsdóttir.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar nr. 135

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Tilnefning formanns gæðaráðs

Rektor tilnefndi Stefán Kalmansson sem formann gæðaráðs og tekur hann við af Jóni Frey Jóhannssyni fráfarandi formanni.

3. Tilnefning í siðanefnd

Rektor tilnefndi Jón Sigurðsson sem formann siðanefndar. Aðrir fulltrúar í siðanefnd eru Júlía Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda og Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi starfsmanna.

4. Tilnefningar í hóp fyrir innra mat stofnunar og tvo hópa fyrir innra mat fagsviða.

Gæðastjóri lagði til eftirfarandi einstaklinga í hópa innra mats fyrir haustið 2012.

Innra mat stofnunar (e. *Reflective Analysis*)

Jón Ólafsson, aðstoðarrektor
Stefán Kalmansson – fulltrúi gæðaráðs
Ingibjörg Guðmundsdóttir – fulltrúi starfsmanna
Magnús Árni Magnússon – fulltrúi kennara
Nemandi/ leitað verður til Nemendafélags Háskólans á Bifröst vegna tilnefningar

Innra mat fagsviða - félagsvísindasvið (e. *Subject Level Review*)

Auður Ingólfssdóttir – sviðsstjóri félagsvísindasviðs
Lars Binderup, frá SydDansk Universitet
Maj Britt H. Briem - fulltrúi gæðaráðs
Njörður Sigurjónsson- fulltrúi kennara
Nemandi/ leitað verður til **Verusar** félags nemenda vegna tilnefningar

Innra mat fagsviða- viðskiptasvið (e. *Subject Level Review*)

Sigurbjörn Einarsson - Formaður
Kári Joensen - fulltrúi gæðaráðs
Inger-Marie Christianssen, frá SydDansk Universitet
Sigrún Lilja Einarsdóttir - fulltrúi kennara
Nemandi/ leitað verður til **Merkúr** félags nemenda vegna tilnefningar

Tilnefningarnar samþykktar.

5. Málverndarstefna

Menntamálaráðuneyti hefur lagt áherslu á að háskólar formi málverndarstefnu fyrir hverja stofnun. Unnin hafa verið drög að málverndarstefnu fyrir Háskólann á Bifröst og þau lögð fyrir fundinn. Rektor lýsti því ferli sem var undanfari málverndarstefnunnar og umræður fóru fram um einstaka liði og stefnuna í heild. Drögin voru samþykkt samhljóða.

6. Gæðamál – nýir verkferlar og leiðbeiningar í gæðahandbók

Gæðastjóri fór yfir nýja verkferla og leiðbeiningar í gæðahandbók skólans. Þessar reglur og leiðbeiningar tengjast innra gæðastarfi og sjálfsmati háskólans. Einnig fjallaði hann um það sjálfsmat sem mun fara fram í skólanum á haustönn 2012. Háskólaráð var hvatt til að kynna sér þessar nýju reglur og leiðbeiningar og koma með fyrirspurnir ef einhverjar eru á næsta háskólaráðsfund. Innra mat stofnunar og innra mat á félagsvísinda- og viðskiptasviði hefst þann 5. september og því líkur 10. desember.

7. Stefnumótunarvinna

Rektor fór yfir drög að stefnu fyrir skólann 2012-2020 og það starf sem liggur henni til grundvallar. Framtíðar þingið sem haldið var 3. mars á Bifröst lagði grunninn að þeim gildum sem valin voru fyrir skólann. Margar hugmyndir komu fram á þinginu og þær voru nýttar í mótun stefnunnar og munu nýtast í öðrum verkefnum í framtíðinni.

Rektor kynnti drög að stefnuyfirlýsingu fyrir háskólaráði. Háskólaráð samþykkti drögin og þau munu kynnt innan skólans.

8. Lánasjóður íslenskra námsmanna

Rektor greindi frá samskiptum LÍN og skólans vegna mistaka í upplýsingagjöf sumarið 2012.

9. Erindi til háskólaráðs

Jón Ólafsson vék af fundi undir þessum liði.

Erindi barst háskólaráði frá hópi nemenda sem óskaði eftir endurskoðun á námsmati verkefnis. Háskólaráð vísar málinu frá á þeirri forsendu að um sé að ræða námsmat sem ekki er kæránlegt.

10. Önnur mál

Fyrirspurn um hvort og hvernig notkun númerakerfis í stað nafna fer fram. Gerð var tilraun í vor til þess að nota númer í stað nafna nemenda í námsmati. Ákveðið að skoða betur hvernig til tókst og hvort innleiða eigi notkun númera í stað nafna í öllum verkefna og prófskilum.

Fundi slitið 16.03

Fundarritari Signý Óskarsdóttir